

HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 - 436 1214 - www.voot.is

JÖKULL

1136. tbl - 24. árg.

21. nóvember 2024



Lions bauð upp á blóðsykursmælingu



Laugardaginn 16. nóvember buðu Lionsklúbbur Ólafsvíkur og Lionsklúbburinn Rán í samstarfi við Heilsugæsluna upp á fría blóðsykurs- og blóðþrýstingsmælingu í verslun Sóley saumar í Ólafsvík. Boðið er upp á þetta í tilefni Alþjóðadegi sykursjúkra sem var þann 14. nóvember og er nóvember mánuður sykursýkisvarna hjá Lions. Markmið með áttakinu er að vekja almenning til umhugsunar um hættuna sem fylgir því að ganga með dulda sykursýki og hvetja fólk til að fylgjast með lík-

amlegri heilsu. 76 manns mættu í ár til þess að taka stöðuna á blóðsykrinum og blóðþrýstingnum. Eftir mælinguna voru léttar veitingar í boði fyrir gestina. Lionsklúbbarnir vilja koma fram þökkum til starfsfólks Heilsugæslunnar, Birnu Dröfn Birgisdóttur, Ísabellu Unu Halldórsdóttur og Regínu Ösp Ásgeirsdóttur fyrir sitt framlag við mælingarnar og sömuleiðis Sóleyjar Jónsdóttur og Þrastar Albertssonar fyrir aðstöðuna.

SJ

Stjórnendur lærðu á Björgina



Á Facebooksíðu Lífsbjargar segir frá því að um síðastliðna helgi var haldið námskeiðið Stjórnendur Björgunarskipa í Rífi. Sex félagar sátu námskeiðið í þetta sinn. Markmið með námskeiðinu er að nemendur geti tekið að sér skipstjórn um borð í björgunarskipum Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Að nemandi tryggji öryggi skipsins og áhafnarinnar við störfin um borð.

Að nemendur kunni skil á helstu aðferðum við leit og björgun á sjó.

Að nemendur geti notað þann björgunarbúnað sem í skipinu er til að bjarga mönnum úr sjávarháská sem og sjálfum sér. Að nemendur geti tekið ákvarðanir undir álagi.

Sama námskeið verður haldið aftur eftir tvær vikur og er það einnig fullbókað.

**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Friðrika er þrefaldur Íslandsmeistari



Friðrika Rún Þorsteinsdóttir, 13 ára Rífsari, hefur verið að gera það gott í hjólreiðum í ár. Í sumar keppti hún á sjö mótum í þremur keppnisgreinum; götuhjólreiðum, criterium og tímatöku. Stóð Friðrika sig með eindæmum vel og er hún þrefaldur Íslandsmeistari í þeim greinum. Hún er einnig bikarmeistari í Criterium 2024 en til þess að hreppa þann titil þurfti hún að keppa í öllum keppnunum í þeirri grein. Friðrika Rún er dóttir Þorsteins Bárðarsonar, sem hefur verið öflugur í hjól-

reiðunum og á hún velgengnina því ekki langt að sækja. Lokahóf Hjólreiðasambands Íslands var haldið sunnudaginn 17. nóvember í Reykjavík. Þar voru allir bikarmeistarar ársins heiðraðir og viðurkenningar veittar í aldursflokkum og B-flokkum. Þar fékk Friðrika Rún bikar fyrir bikarmeistaratitil sinn í Criterium. Það er greinilegt að framtíðin er björt hjá þessari ungu hjólreiðakonu og verður gaman að fylgjast með henni í hjólreiðunum.

SJ

Vinahúsið Grund starfrækt í 15 ár



Steinunn Hansdóttir og Hildur Sæmundsdóttir eru umsjónaraðilar Vinahússins en þær eru einnig sjálfbóðaliðar Rauðakrossins.

Vinahúsið var stofnað 19. nóvember 2009 af Rauða krossdeildinni í Grundarfirði í framhaldi af virknisáætlun vegna hrunsins 2008, þá voru margir óvirkir heima hjá sér, vegna atvinnumissis eða annars!

Vinahúsið hefur það markmið að fólk hafi gaman að lífinu, komi saman í spjall, föndur, miðli þekkingu sinni, skiptist á skoðunum og hugmyndum eða bara fengið sér kaffibolla í góðra vina hópi og eigi ánægjulegar og kærleiksríkar stundir saman.

Leiðarljós Vinahússins er: „Ég get, ætla og skal“

Hver og einn einstaklingur er boðinn velkominn og kemur á sínum eigin forsendum. Við hittumst í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði á mánudög-

um. Allir eru velkomnir á sínum forsendum!

Mánudaginn 18. nóvember fögnuðum við fimmtán ára samveru og hjálpuðust allir félagar við að halda veglega afmælisveislu Vinahússins, ásamt því að freysta gæfunnar og spila Bingó og hefja undirbúning aðventunnar með því að skreyta jólakransa.

Hugheilar jóla og nýjárs óskir með þökkum fyrir samfylgd fjölda sjálfbóðaliða rauða krossins í fimmtán ár og fögnum komu allra sem koma í Vinahúsið og tileinka sér „ég get, ætla og skal“

Steinunn Hansdóttir og Hildur Sæmundsdóttir



Aðventukvöld

*Aðventukvöld verður haldið
sunnudaginn 1. desember 2024
kl 20:00 í Ólafsvíkirkirkju.*

*Á dagskrá verður m.a.
jólamingningar frá Póllandi, jólasaga,
hugvekja og söngur barnakórs.
Veitingar að lokinni dagskrá.*

*Hefjum aðventuna
með notalegri stund í kirkjunni.*








Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Tryggjum ánægðari viðskiptavinum

Sjóvá hefur verið efst tryggingafélaga
í Íslensku ánægjuvuginni sjö ár í röð.

SJÓVÁ

Jólabasar eldri borgara

Sunnudaginn 17. nóvember hélt Félag eldri borgara í Snæfellsbæ sinn árlega jólabasar í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík. Að vanda var vandaður varningur úr smiðju meðlima félagsins til sölu, þrjónavörur, blásið gler, útskorinn viður og jólaskraut ásamt kökum, brauði, kæfu, sultum og fleira góðgæti. Félagar eldri borgara í Snæfellsbæ tóku á móti gestum í jólalegum klæðum og með brosi á vör. Kaffisalan var á sínum stað með nýbökudum vöflum, heitu súkkulaði og kaffi. Góð aðsókn var á jólamarkaðinn en þetta er tilvalinn vettvangur til að koma sér í jólaskap og næla sér í fallegar vörur í jólapakkann eða á heimilið. SJ



Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur ár hvert á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember. Í ár lenti dagurinn þó á laugardeggi svo að Grunnskóli Snæfellsbæjar hélt upp á Dag íslenskrar tungu föstudaginn 15. nóvember í staðinn.

Árleg smásagnakeppni 1. til 4. bekkjar fór fram í tilefni dagsins, allir þeir sem skiluðu inn sögu eru í raun sigurvegarar og átti dómnefndin erfitt val fyrir höndum. Einn nemandi úr hverjum bekk hlaut verðlaun og í 1. bekk fékk Alparós Elva Sindradóttir verðlaun fyrir söguna sína Þegar ég breyttist í hafmeyju. Anna Veronika Smáradóttir í 2. bekk hlaut verðlaun fyrir Litla flóðhestinn, Embla Rós Guðbjartsdóttir í 3. bekk fyrir söguna Stelpurnar og ræninginn og Emir Dokara í 4. bekk fékk verðlaun fyrir Óheppna slysið.

Á starfsstöð skólans á Hellissandi komu nemendur svo saman á sal skólans og sungu saman. Kristel Marín Gylfadóttir og Pétur Pétursson í 4. bekk voru kynnar á hátíðinni. Var þetta há-



tíðleg stund hjá nemendum en lögin sem sungin voru á sal fjölluðu um mikilvægi þess að rækta íslenskuna og vera dugleg að lesa.

Í 5. til 7. bekk unnu nemendur á starfsstöð skólans í Ólafsvík í hópum með samsett orð Jónasar Hallgrímssonar, um 200 talsins. Unnið var með merkingu orðanna og leikið sér að tungumálinu með því að setja saman ný orð.

Á unglingsstigi var fjallað um Jónas Hallgrímsson, horft á áhugaverð myndbönd og rætt um fjölbreytt orð og íslenska tungu. SJ

Stjórnsmál



Hver er siðferðilegur grundvöllur stjórnsmálanna? Hver á hann að vera? Umræðan í kosningabaráttu undanfarna daga vekur upp ýmsar spurningar sem snerta grundvallar gildi eða viðmið. Hvernig eiga stjórnsmálama menn að haga sér. Við eigum að vera heiðarleg og segja satt. Ekki blekkja náungann. Ekki halda fram staðlausum stöfum eingöngu vegna þess að það er okkur í hag. Kosningabaráttan getur aldrei byggst á lygum og hálfann-

leik. Stundum er auðvelt að blekkja fólk. Það er líklega auðveldast að blekkja með tölfræði. Það má hika laust gera kröfur til kjósenda. Þeir eiga ekki að gleypa umhugsunarlaust við því sem sagt er. Mikilvægt er að stjórnsmálama menn viðurkenni mistök. Allir geta gert mistök en það er lítilmannlegt að þræta fyrir það. Stjórnsmálama menn verða að vera heiðarlegir gagnvart sinni eigin fortíð. Internetið geymir allt og gleymir engu. Þar er allt skráð sem ritað hefur verið. Misminni er algengt. Minnið velur einnig úr það sem við viljum muna. Við erum sífellt að endurskapa fortíðina. Mikilvægasta viðmið er að segja sannleikann og standa við orð sín. Það er eðlilegt að menn skipti um skoðun ef aðstæður breytast.

17.11.2024
Hrafn Arnarson



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Lækkum þessa verðbólgu

Breytum þessu

María Rut Kristinsdóttir
1. sæti



Blakmaraðon í Grundarfirði

Ungir blakiðkendur stóðu fyrir fjárflyun um liðna helgi þegar blakmaraðon fór fram í íþróttahúsinu í Grundarfirði. 37 iðkendur stunda krakkablað í Grundarfirði en íþróttin verður sífellt vinsælli. Á þessu tímabili stefna krakkarnir á að fara í 5 keppnisferðir, tvisvar til Reykjavíkur, á Húsavík, Akureyri og á Ísafjörð.

Krakkarnir gengu í hús til þess að safna áheimum en það var einnig hægt að leggja frjáls framlög inn á reikning félagsins.

Sunnudaginn 17. nóvember var þétt dagskrá í íþróttahúsinu í 12 klukkutíma en krakkarnir mættu klukkan 10 að morgni og spiluðu til klukkan 10 að kvöldi. Fyrri part dags voru æfingar en frá 15:30-21:00 fóru fram æingarleikir. Dagurinn heppnað-



ist mjög vel og voru íbúar duglegir að mæta í stúkuna og hvetja krakkana áfram.

Ágóðinn af deginum var 500.000 krónur sem hjálpar

deildinni að halda áfram því góða starfi sem blakdeildin sinnir en um 50% barna í 5.-10. bekk í Grundarfirði stunda þessa íþrótt.

Ennþá er hægt að styðja við

krakkana með því að leggja frjáls framlög inn á reikningsnúmer 0191-05-070100, kt. 630189-2689.

JJ

Flokkar á ferð og flugi

Viðreisn

Frambjóðendur fyrir alþingiskosningarnar hafa verið duglegir að ferðast um kjördæmið og átti það einnig við um forystu lista Viðreisnar. Þær María Rut Kristinsdóttir og Edit Ómarsdóttir skipa fyrsta og annað sæti listans og voru þær á faraldsfæti um liðna viku. Mánudaginn 18.

nóvember stóðu þær fyrir viðburði í þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi þar sem þær áttu opið samtal í aughæð við kjósendur. Fundurinn var vel sóttur og skemmtilegar umræður sköpuðust. Eftir fundinn fóru þær á dvalarheimilið Jaðar og áttu gott og afslappað spjall við íbúa um málefnið sem á þeim brunnu.

JJ

Sjálfstæðisflokkurinn

Ólafur Adolfsson og Auður Kjartansdóttir skipa fyrsta og þriðja sætin á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi fyrir komandi alþingiskosningar. Í síðustu viku voru þau á ferð og flugi um svæðið en þau byrjuðu daginn í Grundarfirði í Fjölbautaskóla Snæfellinga. Þaðan var förlinni heitið í Grunnskóla Snæfellsbæjar, á leikskólann Krílakot og í Vegagerðina. Fiskioðjan KG og höfnin á Rifi voru einnig sótt heim áður en haldið var í félagsstarf eldri borgara og öryrkja í Klifi. Auður og Óli áttu einnig samtal við starfsmenn Félags- og skólaþjónustunnar í Ráðhúsi Snæfellsbæjar og heimsóttu nýja þjóðgarðsmiðstöð Snæfellsjökulsþjóðgarðs. Síðasta heimsókn dagsins var á Dvalarheimilið Jaðar þar sem íbúar fengu að

spyrja frambjóðendur spjörum um úr. Dagur frambjóðendanna endaði á fjölmennum súpufundi á Reks í Ólafsvík þar sem þau gáfu íbúum Snæfellsbæjar tækifæri til samtals. Opnun kosningarmiðstöðvar Sjálfstæðisflokksins verður laugardaginn 23. nóvember frá 12:00-14:00. Kaffi og kræsingar verða á boðstólum og Óli og Auður munu ávarpa gesti og eiga gott samtal.

JJ



VERUM
VINSTRA
MEGIN



- **Aukum virði kvennastarfa og útrýmum launamun kynjanna**
- **Íbúðarhúsnæði fyrir fólk**
– ekki fjárfesta
- **Borgin er ekkert án bænda!**
- **Eflum almannaþjónustu óháð búsetu og efnahag**
- **Aukum gagnsæi í sjávarútvegi**
- **Bætum almenningsamgöngur og tryggjum orkuöryggi**



meira á vg.is

Jazzhrekur í Grunnskóla Snæfellsbæjar



1. til 4. bekkur í Grunnskóla Snæfellsbæjar fengu til sín góða gesti í byrjun nóvember þegar Ingibjörg Fríða Helgadóttir, söngkona, Sunna Gunnlaugsdóttir, píanóleikari og Leifur Gunnarsson, kontrabassaleikari, fluttu fyrir þau spriklandi nýja jazztónlist. Um er að ræða tónleikadagskrá fyrir alla fjölskylduna undir yfirskriftinni Jazzhrekur en löginn fjalla um fyrirbærri tengd hrekkjavöku líkt og drauga, nornir, afturgöngur og kóngulær. Voru þetta fjörugir og fræðandi tón-

leikar með tónlist saminni af Leifi Gunnarssyni en jazztónarnir sem þarna voru reiddir fram voru byggðir á þjóðtrú um að á tímamótum verði skilin milli mannheims og heims hins yfirnáttúrulega óljós, álfar, huldufók og uppvakningar birtast. Nemiendum var boðið upp á virka þátttöku í gegnum söng, klapp og dans og höfðu gestirnir orð á því að sjaldan hefðu þau fengið eins góðar viðtökur og þátttöku nemenda í flutningnum.

SI

Strandveiðar styrkja dreifðar byggðir



Aukið aðgengi með strandveiðum

Markmiðið með strandveiðum var auka aðgengi að fiskveiðum í atvinnuskyni og að mögulegt yrði að stunda takmarkaðar veiðar með ströndinni á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Var þannig opnað fyrir handfæraveiðar allra báta sem uppfylla skilyrði sem gerð eru um fiskiskip sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Það er skilyrði að einungis er hægt að veita hverri útgerð, eiganda, einstaklingi eða lögaðila leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Það þarf að taka á því að einstaka aðilar séu að gera út fleiri en einn bát í strandveidikerfinu enda fer það gegn tilgangi kerfisins og verður minna til skiptanna úr pottinum fyrir aðra.

Skýrara fyrirkomulag

Einnig þarf að endurskoða fyrirkomulag veiðanna og setja upp skýrara og fyrirsjáanlegra fyrirkomulag, bæði fyrir þá sem sækja strandveiðar, fiskkaupendur og þjónustuaðila. Það þarf að skoða hvort taka eigi upp svæðaskiptingu aftur þar sem pottinum yrði skipt hlutfallslega milli svæða eftir fjölda báta, sem var ekki áður gert. Þannig má tryggja að bátar geti sótt góðan og hagstæðan afla á strandveiditímabilinu um allt land og koma í veg fyrir að potturinn klárast á einu svæði áður en veiði hefst á öðrum svæðum.

Sátt þarf að nást

Mikilvægt er að sem mest sátt sé um stjórnun fiskveiða til lengri tíma. Sú sátt hefur ekki verið til staðar í strandveiðum. Með áður nefndum hugmyndum gætum við gengið skref í þá átt.

Audur Kjartansdóttir
Höfundur skipar 3. sæti
lista Sjálfstæðisflokksins
í Norðvesturkjördæmi

Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið byggist að meginreglunni til á aflamarkskerfi, með framseljanlegum aflaheimildum. Markmið kerfisins var að sporna gegn ofveiði og er því verið að tryggja sjálfbærni og hámarksverðmæta úr auðlindinni. Það hefur tekist virkilega vel og er litið til þessa fyrirkomulags utan landsteinanna. Strandveiðar eru undantekning frá þessari meginreglu kerfisins.

Aukið hlutfall strandveiða

Hlutfall strandveiða af ráðlögðum þorskafla hvers árs hefur farið hækkandi síðustu ár, við upphaf strandveiða, fiskveiðiárið 2008/2009 var það 1,8% en á síðasta fiskveiðiári var það um 5,7% eða 12.000 tonn eftir viðbótarúthlutun matvælaráðherra. Hlutfallið hefur því margfaldast síðustu ár og hefur hlutfallið aldrei verið hærra.

Strandveiðar verða þó að lúta sömu lögmálum og aðrar veiðar þar á meðal um aukningar eða skerðingar aflaheimilda. Varast skal að auka hlutfall strandveiða, m.a. út frá jafnræðissjónarmiði, enda þarf þá að taka aflaheimildir af öðrum, sem einnig skapa miklar tekjur og fjölda starfa um allt land.

Strandveiðar hafa reynst mikilvægar, sérstaklega fyrir dreifðari byggðir og er mikilvægt að halda úti slíkum veiðum. Það eru tækifæri til að betrumbæta þær reglur sem gilda um strandveiðar.

Um sameiningu sveitarfélaga á Snæfellsnesi



Það er einkennilegt að sjálfstæðismenn skuli ekki hafa forgöngu í þessu máli. Nú vilja þeir minnka hlutdeild hins opinbera. Sveitarfélög eru staðbundið vald. Ríkið er almennt vald sem nær til alls landsins. Yfirbygging í sveitarfélögum er mjög dýr. Laun sveitarstjóra eru mjög rífleg. Það er tímaskekkja að hafa svo marga menn með yfir tvær milljónir á mánuði. Auk þess er klíkuskapur við mannaáðningar alltaf möguleiki. Eða hætta á slíku. Íbúar eru ekki margir. Samgöngur mjög

góðar. Viðfangsefni sveitarfélagana eru mjög svipuð. Það væri því verulegur sparnaður í því fólginu að sameina sveitarfélögin og hafa einn sveitarstjóra. Hugsanlegt væri að fækka tölu bæjarfulltrúa og sameina nefndir og gera þær skilvirkari. Það er ljóst að fyrr eða síðar mun Alþingi setja lög um slíka sameiningu. Þá er betra að heimamenn hafi frumkvæði. Ég fullyrði að það er hægur vandi fyrir einn mann að stýra svo fáum íbúum á svo afmörkuðu svæði. Það væri mikill sparnaður í þessu fólginu og engir sjáanlegir ókostir.

Um þetta viðfangsefni hafa verið skrifaðar tvær ágætir BA ritgerðir í stjórn málfraeði:

<https://skemman.is/.../1%cc%81v-ar%20Sindri%20Karvelsson...>

<https://skemman.is/.../Sameining%20sveitarf%c3%a9laga%20...>

Hrafn Arnarson



Bifreiðuverkstæði Ægis.
Rífl. S-436677

Betra fyrir bílinn

Gólatónleikar

menningarnefndar Snæfellsbæjar

Flytjendur:

Sigríður Thordalíus

Rakel Sigurðardóttir

Ómar Guðjónsson

Ásgeir Aðalsteinsson

ásamt skólakór Snæfellsbæjar

sem tekur tvö lög með hljómsveitinni

Míðasala í Ráðhúsi Snæfellsbæjar
á opnunartíma.

Ólafsvíkurkirkja
28. nóvember kl. 20:00
Míðaverð kr. 4.000.



Búsetutengd mismunun í heilbrigðisþjónustu, í boði einkavæðingar og heilbrigðisráðherra Framsóknar



Búsetutengdur munur á notkun þjónustu sérgreinalækna er mjög mikill. Íbúar dreifbýlis nota þjónustuna mun minna en höfuðborgarbúar og íbúar Vestfjarða og Austfjarða minnst allra, nefnilega þrisvar sinnum minna en höfuðborgarbúar. Lýðheilsuvisar benda ekki til þess að íbúar í dreifbýli séu heilsubetri en höfuðborgarbúar. Nærtæk skýring á þessum munur er að kaupandi þjónustunnar, ríkið, lætur sig engu varða hvar þjónustan er veitt og hún hefur nær öll byggst upp í Reykjavík. Í versta falli er afleiðingin sú að þau sem búa næst þjónustunni nýta hana umfram þörf og hin sem fjær búa minna en æskilegt væri. Hvoru tveggja er hættulegt og brýnt að rýna lög og hvort þeim er fylgt.

Er farið að lögum?

Heilbrigðisþjónusta á Íslandi er almennt góð. Í lögum um hana segir m.a.: „að allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tók á að veita“ og það í samræmi við lög um réttindi sjúklinga. Í fyrstu grein þeirra laga segir m.a.: „Óheimilt er að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernissuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ Hluti af samfélagslegri stöðu er búseta og augljóslega má því ekki mismuna íbúum á þann hátt sem að ofan greinir. Loks segir í Heilbrigðisstefnu til 2030 (samþykkt í tíð Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra); „Skipuleggja þarf sérfræðiþjónustu hvers heilbrigðisumdæmis út frá þörfum íbúanna“.

Jafnvel íhaldinu ofbauð!

Áratugum saman hefur þjónusta sérgreinalækna fengið að þróast á eigin forsendum, án samræmingar við aðra heilbrigðisþjónustu og án tillits til þarfa dreifbýlis. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra lokaði í desember 2015 samningi Sjúkratrygginga og sérgreinalækna,

enda hafði samningurinn reynt opin krani sem úr lak sífellt meira almannaþé. Bragð er að þá íhaldinu ofbýður útþensla einkaframtaksins, svo ekki sé meira sagt. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra lét vinna mikla greiningarvinnu á þjónustu sérgreinalækna og þá var bent á fyrrnefnda mismunun og nauðsyn þess að draga úr henni. Svandís vildi semja með hag allra landsmanna í huga en vannst ekki tími til þess. Willum Þór Þórsson tók við og samdi við sérfræðilækna með þeirra hag sem vegvísi. Framsóknarráðherrann festi því í sessi rötgróna búsetutengda mismunun í aðgengi að þjónustu sérgreinalækna. Það er ólíðandi og rýmkaðar endurgreiðslur ferðakostnaðar eru bara lélegir plástrar á krónísk sár mismununar.

Er PLAN Samfylkingar boðlegt?

Þann 30. okt. sl. birtist, á vísir.is, greinin «Heilbrigðiskerfi okkar allra» eftir Ölmú Möller landlækni sem skipar 1. sæti Samfylkingarinnar í SV-kjördæmi. Eins og vænta má er grein Ölmú áhugaverð, en hennar flokkur sýnist ekki setja það í forgang að bjóða sérfræðiþjónustu á landsbyggðinni. Um plan Samfylkingarinnar í heilbrigðismálum, „Örugg skref í heilbrigðis- og öldrunarmálum“, segir Alma m.a.; „...áhersla er lögð á að styrkja grunnþjónustu svo sérhæfðari þjónusta geti starfað betur...“ Auðvitað þarf að styrkja grunnþjónustu en ekki bara svo sérhæfðari þjónusta geti starfað betur og allra síst ef afrakstur styrkingarinnar, hvað varðar sérfræðiþjónustu í dreifbýli, á að helgast af því hvort og hvað út úr því kemur „...að skoða hvort sérfræðingar geti ekki heimsótt landsbyggðina í ríkari mæli...“ líkt og Alma ritar.

Sænska vítið til varnaðar

Staðreynd er að einn mesti ógnvaldur lýðheilsu bæði innan þjóðfél-

laga og á milli þjóða er ójöfnuður. Margir vísinda- og fræðimenn telja einkavæðingu í innviðum s.s. skólum og heilbrigðiskerfi auka ójöfnuð. Markaðs- og einkavæðing í sænska heilbrigðiskerfinu, kerfi sem almenn-ingur fjármagnar líkt og hérlendis, hefur aukið ójöfnuð, m.a. á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Gagnleg lesning um þetta er auðlæs bók nýlega þýdd úr sænsku “Jafnrétti í heilbrigðisþjónustu – aðgerðaáætlun”, sem aðgengileg er á netinu.

Hvað er til ráða?

Með vísan í heilbrigðisstefnu til 2030 og fyrrnefnd tvö lög er rökrétt og skylt að bregðast við þessari mismunun. Skilgreina þarf án tafar þá þjónustu sérgreinalækna er veita skuli sem nærþjónustu, þ.e. að hún verði aðgengileg í öllum heilbrigðisumdæmum, samfelld eða reglulega. Þetta er í senn brýnt heilbrigðismál og byggðamál og hefur áhrif á lífvænleika samfélaga, lýðheilsuna. Í samræmi við reynslu þess okkar sem gengt hefur læknisstarfi í dreifbýli í

nær 40 ár, teljum við að í hverju heilbrigðisumdæmi skuli veita þjónustu fimm sérgreina; kvensjúkdómalækninga, barnalækninga, öldrunarlækninga, augnlækninga og geðlækninga. Við fullyrðum að í dag eru, með vísan í lög um heilbrigðisþjónustu, „tök á að veita“ þessa þjónustu í dreifbýli standi vilji stjórnvalda til þess. Vinstri græn hafna búsetutengdri mismunun og við ítrekum mikilvægi þess að heilbrigðiskerfi sé skipulagt á félagslegum forsendum og út frá þörfum allra íbúa þessa lands.

Við hvetjum öll og ekki síst íbúa NA- og NV-kjördæma til að íhuga þetta og kjósa VG 30. nóvember nk., telji þau jafnan rétt í aðgengi að heilbrigðisþjónustu skipta máli.

Álfhildur Leifsdóttir, kennari og oddviti VG í Norðvesturkjördæmi
Sindri Geir Óskarsson, sóknarprestur og oddviti VG í Norðausturkjördæmi
Guðlaug Björgvinsdóttir, öryrki og skipar 3. sæti á lista VG í Norðausturkjördæmi
Pétur Heimisson, heimilislæknir og stjórnarmaður í VG

Saga Ólafsvíkur - Hugleiðing



Ólafur belgur nam land frá Enni til Fróðar og bjó í Ólafsvík. Ormur hinn mjóvi lendi skipi sinu í Fróðarósi og bjó nokkra vetur á Brimilsvöllum. Ormur hinn mjóvi hrakti Ólaf belg í burtu og helgaði sér land milli Ennis og Búlandshöfða. Ólafur belgur kom sér nú fyrir í Saurbæ. Þar nam hann Belgsdal, þaðan var hann hrakinn í burtu í Ólafsdal. Næstu aldir fer litlum sögum af Ólafsvík. Þar hefur verið búskapur með útræði. Þegar á landnámsöld var verslunarstaður á Rífi. Þorgunna sem settist að á Fróða mun hafa komið þar á land. Hún kom Fróðarundrum af stað. Hólmársá spillti skipalagi í Rífsósi. Verslunarstöð var flutt til Ólafsvíkur 1687.

Á einokunartímanum voru danskir verslunarstjórnarar í Ólafsvík. 1786 er verslun gefin frjáls. Af kaupmönnum er til mikil saga rituð. Minna hefur verið skrifað um útgerð og búskap. Þekktastur kaupmanna var líklega Hans A Clausen. Ólafsvíkur Svanurinn sigldi til Íslands í 120 ár. Hann strandaði haustið 1891. Svanurinn var eina farþegaskipið frá Vesturlandi. Haustið 1843 brunnu gömlu verslunarhúsin í Ólafsvík utan eitt, um þetta var kveðið.

Ílla hittast óhöpp lík illa þó til bar það illa brann í Ólafsvík illur skaði var það. 1844 var svo byggt verslunarhús sem enn stendur. Árið 1884 var byggt skólahús og hafði verið safnað í sjóð í 30 ár. Árið 1873 dóu nærri 60 manns í Ólafsvík úr Litlu Bólu. Fyrsti prestur sem settist að í Ólafsvík var Helgi Arnason 1882. Læknishéraðið Ólafsvík var eitt það er erfiðsta hér á landi. (framhald)

Ólafsvík, 13.11., 2024.
Hrafn Arnarson

Látum verkin tala

MINNI
ÖFGAR
MEIRI
FRAMSÓKN

Fyrirsjáanleiki við mánaðamótin

- óverðtryggð lán á föstum
vöxtum til langs tíma

Ódýrari matarkarfa

- lækkun VSK á matvöru

Öflugur íslenskur landbúnaður

- Aukið fjármagn í
búvörusamninga

Heilbrigðiskerfi fyrir alla

- Þjónusta nær fólkinu

Eflum menntun á landsbyggðinni

- treystum kennurum

Framsókn stendur
með landsbyggðinni!



ÞORGILS
MAGNÚSSON
5. SÆTI NORÐVESTUR

LILJA RANNVEIG
SIGURGEIRSDÓTTIR
2. SÆTI NORÐVESTUR

STEFÁN VAGN
STEFÁNSSON
1. SÆTI NORÐVESTUR

RAGNAR BALDVIN
SÆMUNDSSON
4. SÆTI NORÐVESTUR

HALLA SIGNÝ
KRISTJÁNSDÓTTIR
3. SÆTI NORÐVESTUR

xb.is

Tækifærin eru alltumlykjandi



Það er búið að vera ótrúlega skemmtilegt að flakka um Norðvesturkjördæmi síðastliðnar vikur. Það er augljóslega mikil gróska í kjördæminu sem er stútfullt af tækifærum – birtu og von. Það hefur verið magnað að fylgjast með uppgangi nýsköpunar, frumkvöðlastarfs og vaxtar í kjördæminu.

Eftir áratugi af fólksfækkun virðist

dæmið loksins vera mögulega að snúast við. En til þess að hægt sé að byggja áfram upp á svæðinu og til þess að tækifæri geti orðið að veruleika er nauðsynlegt að tryggja þar sterkar undirstöður – sterka innviði.

Á Snæfellsnesinu finn ég sérstaklega fyrir þessum krafti. Hér býr bjartsýnt fólk með loft í lungum. Enda ekki ástæða til annars. En þrátt fyrir það nefna nánast allir sem ég hitti yfir kaffibolla stöðu vegamála og heilbrigðismála á svæðinu.

Ég hef verið varaþingmaður síðastliðin þrjú ár og tekið sæti á þingi í þrígang. Þann tíma nýtti ég meðal annars til að senda fyrirspurnir til heilbrigðisráðherra um læknaþjónu í Grundarfirði annars vegar og um vegakerfi og vegaframkvæmdir á Vesturlandi, þá sérstaklega um þjóðvegi 54, 56 og 60. Enda ástandið á þeim vegum með öllu óviðunandi.

Sterkur málsvari fyrir svæðið

Ég hef starfað sem aðstoðarmaður formanns Viðreisnar síðan 2017. Á þeim árum hef ég fylgst náið með stöðu kjördæmisins og klæjað í fingurna vegna þess að mér hefur fundist vanta að kjördæmið eigi sér sterka málsvara á Alþingi. Það skiptir máli að rödd okkar heyrst og að sjónarmiðum svæðisins sé haldið á lofti.

Viðreisn hefur aldrei átt þingmann í kjördæminu. En þrátt fyrir það höf-

um við ræktað tengslin og sinnt því eftir bestu getu. Það hef ég sjálf gert af alúð og ástríðu og mun halda áfram að gera fáir ég til þess umboð. Mér einfaldlega rennur blóðið til skyldunnar og ég vil vinna með fólkinu í Norðvesturkjördæmi að áframhaldandi framförum og uppgangi. Það er mín ástræða. Þar slær hjarta mitt.

María Rut Kristinsdóttir,
oddviti Viðreisnar í Norðvesturkjördæmi



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

Jökull Bæjarblað
 steinprent@simnet.is
 436 1617

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Heilbrigðisþjónusta - þéttum raðirnar og þjónustuna

Norðvesturkjördæmi er víðfeðmt og aðstæður ólíkar eftir svæðum, legu og íbúafjölda. Um allt kjördæmi er heilbrigðisstarfsfólk sem brennur fyrir starf sitt og geislar af metnaði og fagmennsku. En það eru holar í heilbrigðiskerfinu í kjördæminu okkar líkt og í vegakerfinu og heilbrigðisþjónustuna þarf að reyna að jafna eftir megni þannig að íbúar og þeir sem á viðkomandi svæði dvelja um lengri eða skemmri tíma upplifi sig öruggari. Viða hefur óskráð búseta mikil áhrif og skapar ójafnvægi varðandi mönnum og/eða veitt fjármagn gagnvart skráðum íbúum á svæðinu. Þar spila inni áhrif atvinnulífs og ekki síst ferðapjónustu.

Getur skattkerfið hjálpað?

Svokallaður mönnumarvandi hvað varðar fagmenntaða heilbrigðisstarfsmenn á því miður víða við sérstaklega hvað varðar lækna. Við þurfum að þora að hugsa í lausnum hvað þann mikilvæga þátt varðar t.d. skattkerfið eða hvort ríkið í samstarfi við sveitarfélög á einstökum svæðum snúi bókum saman hvað varðar allan aðbúnað lækna svo náist að manna með ör-

uggum hætti heilsugæsluna á landsbyggðinni.

Festum heilsugæsluna í sessi

Talandi um heilsugæsluna þá þurfum við að tryggja þann þátt heilbrigðiskerfisins í sessi sem fyrsta viðkomastað þeirra sem glíma við veikindi en jafnframt er mikilvægt að reyna með öllum tiltækum ráðum að einfalda alla ferla þannig að sjúklingur fái aðstoð, þegar þarf, með sem einföldust um hætti og læknerinn eða annað heilbrigðisstarfsfólk festist ekki í svokallaðri skrifinnsku í stað þess að sinna þeim sem aðstoð þurfa.

Færum þjónustuna til fólksins

Viða er skortur á sérfræðilæknum og sérfræðipjónustu og má þar nefna tannlækningar augnlækna, sjúkrahjálfa og áfram mætti telja. Ein leið sem við viljum fylgja eftir að reynt verði eftir fremsta megni að mæta hinum dreifðu byggðum á þann hátt að sérfræðingum eins og þeim sem hér eru nefndir verði gert kleift að færa sig á milli svæða með stuðningi Sjúkratrygginga og þannig



mætt fólki á þeirra heimavelli. Tryggt þannig að fólk þurfi ekki í massavis að ferðast til og frá landsbyggð til höfuðborgar og missa þar með úr vinnu um lengri eða skemmri tíma. Ferðast akandi um langan og oftast vandan veg og rétt er að nefna aldrað fólk sem oft hefur engan kost til að sækja nauðsynlega þjónustu. Hugsum í lausnum og látum kerfið virka með hagsmuni fólks í huga.

Byggjum hjúkrunarheimili

Síðast en ekki síst verður að ræða hlut hjúkrunarheimila sem er gríðar mikilvægur þjónustuþáttur í kjördæminu. Viða eru fámenn hjúkrunarheimili og mikilvægt að ríkið stígi þar inn og sinni þjónustunni af myndarbrag með samþættingu við heilsugæslu og heilbrigðisstofnun á viðkomandi svæði.

Annar stór þáttur er sá mikli biðlisti á sumum stöðum sem segir okkur að annað hvort er fólk bundið heima, háð aðstoð ástvina, eða þá fast inn á sjúkrahúsi og þar með orðinn hluti af því leiðinlega orði sem fangar fráflæðisvanda sjúkrahúsanna. Þarna þarf að stíga inn af myndarskap og byggja fleiri rými, bæði í núverandi húsakosti sem þegar er til staðar eða með því að byggja nýtt. Báðir kostir eru þjóð-

hagslega hagkvæmir því hver dagur á öldrunarheimili kostar kerfið okkar, ríkiskassann sjálfan, mun minna en dagur á sjúkrahúsi. Sjúkrahúsin eiga í raun einungis að sinna bráðatilfellum og langveikum sem eru of lasburða til að vera inn á hjúkrunarheimilum eða heima.

Finum bestu lausnirnar

Hér að ofan höfum við stiklað á stóru hvað heilbrigðismálin varðar, af nógu er að taka. Við teljum að með betra skipulagi og meira samstarfi við fagmenntað starfsfólk á hverjum stað ásamt aukinni samþættingu og notkun tæknilausna megi gera mikla bragabót á heilbrigðiskerfinu okkar án þess að kostnaður þurfi að stórakast. Mannauðurinn er magnaður og getur bent okkur á og aðstoðað við að finna bestu lausnir á hverju sviði.

Við frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins erum klár í slaglin og óskum eftir stuðningi kjósenda í Norðvesturkjördæmi við okkur þannig að þeir Óli og Bjarki geti lagt lið með reynslu sinni í dugnaði í málaflokknum.

Ólafur Adolffson, Björn Bjarki Þorsteinsson, Auður Kjartansdóttir, Dagný Finnbjörnsdóttir og Kristófer Már Maronsson frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í 1-5. Sæti.



Akstursstyrkir til íbúa í dreifbýli

Íbúar í dreifbýli Snæfellsbæjar geta sótt árlega um sérstakan akstursstyrk til að koma til móts við kostnað vegna aksturs barna til Ólafsvíkur í íþrótt- og tómstundaiðkun.

Árlegur akstursstyrkur er kr. 30.000.-

Umsóknir skulu berast bæjarritara í tölvupósti.

Í umsókn þarf að koma fram nafn foreldris/forráðamanns, nafn barns/barna, kennitala og reikningsnúmer þar sem leggja á styrkinn inn.

Einnig þarf að fylgja vottorð/staðfesting frá þjálfara um að barnið sé skráð í íþróttir norðan heiðar.

Úthlutunarreglur vegna akstursstyrks Snæfellsbæjar til UMF Staðarsveitar má finna á vef Snæfellsbæjar undir Stjórnsýsla – Reglur og samþykktir.

Nánari upplýsingar gefur bæjarritari í síma 433-6900 eða netfangið lilja@snb.is

Minnispunktur um úgerðarsögu Ólafsvíkur



1904 var keyptur vélbatur sem hét Geysir. Flestir urðu bátarnir 8 á þessum árum. Þeir voru flestir 4 eða 5 tonn. Hafnleysi gerði útgerð erfitt fyrir. 1906 búa rúmlega 600 manns í Ólafsvík. Vélbátautgerð var stunduð að sumri til. Að stunda sjóinn var hættulegt. Bátur fórst 1907

með tveimur mönnum. Sjómaður druknaði 1911. 1913 ferst bátur með 10 mönnum. 1924 drukna 3 menn af pramma. Sjóslysasaga fyrri hluta 20 aldar er mikil og sorgleg. En sjóslysa saga Ólsara takmarkast ekki við byggðarlagið. Ólsarar gátu druknað í öðrum verstöðvum. 1927 var timamótaár í útgerðarsögu Ólafsvíkur. Þá voru settar vélar í báta. Guðjón Sigurðsson var þá vélsmiður í Ólafsvík. Árið 1931 var til eitt útvarp í þorpinu. Hraðfrystihús tók til starfa í þorpinu 1939. Á blómaskeiði þorpsins voru starfandi mörg frystihús í þorpinu eins og eldri menn muna.

Hrafn Arnarson

Bókaveisla í Klifi 2024

Þriðjudaginn 26. nóvember kl. 20:00




10. bekkur Grunnskóla Snæfellsbæjar sér um að kynna höfundana.

Aðgangur ókeypis



Sunna Dís
Másdóttir



Halldór
Armand



Elísabet
Jökulsdóttir



Maó
Alheimsdóttir



Gunnar
Helgason

Höfundar árita bækur á staðnum

Látum ljósin loga í sveitunum



Íslenskir bændur lifa ekki af launum sínum, eru í stöðugum taprekstri og þurfa að vinna tvöfalt jafnvel þrefalt á við annað fólk. Það er mikilvægt að í nýju stuðningskerfi landbúnaðarins fái bændur mannsæmendi laun fyrir að sinna því mikilvæga samfélagshlutverki að framleiða matinn sem við hin þurfum á að halda, yrkja land og huga að umhverfinu. Matvælaframleiðsla er ekki aðeins mikilvæg fyrir heilsu almennings og efnahag, heldur einnig grundvöllur sjálfstæðis okkar sem þjóðar. Við verðum að horfast í augu við þá pólitísku staðreynd að án bændu verður enginn íslenskur landbúnaður.

Til að raunverulegt fæðuöryggi verði til staðar á Íslandi er nauðsynlegt að tryggja afkomu bændu og

efla nýliðun í landbúnaði. Meðalaldur bændu hérlendis er hár, fleiri bændur hætta búskap en hefja búskap og rekstrarumhverfi landbúnaðar ekki fýsilegt fyrir ungt fólk að stíga inn í. Þar spila saman sveiflur efnahagslífsins og viðhorf neytenda, auk dvínandi tollverndar. Á sama tíma standa bændur frammi fyrir áskorunum íslenskrar veðráttu og loftslagsbreytinga sem eru þegar farnar að gera vart við sig eins og sást síðastliðið sumar, ef sumar skyldi kalla.

Staða bændu er pólitískt vandamál sem krefst pólitískra lausna

Það þarf að endurskoða stefnur til að tryggja sanngjarnan og skynsamlegan stuðning við bændur, sérstaklega þegar horft er til náttúruverndar og viðhalds landgæða og vistkerfa. Nýliðar þurfa aðgang að þolinmóðu fjármagni sem gerir þeim kleift að byggja upp sjálfbæran rekstur yfir lengri tíma. Þetta er ekki bara spurning um atvinnugrein; þetta er spurning um sjálfstæði þjóðarinnar og framtíð byggðar í dreifbýli.

Bændur eru í fremstu víglínu í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Landbúnaður er viðkvæmur fyrir áhrifum loftslagsins, en bændur

hafa sýnt ábyrgð með því að draga úr losun á hverja framleiðslueiningu um 30%, jafnframt því að auka framleiðslu. Og enn þarf að auka framleiðsluna því samkvæmt mannfjöldaspám verður fjölgun á íbúum þessa lands um þriðjung á næstu áratugum. Loftslagsvænn landbúnaður hefur því aldrei verið mikilvægari. Við viljum styrkja möguleika bændu til þess að byggja afkomu sína á náttúruvernd og endurheimt landgæða, enda eru þeir vörslumenn landsins sem framleiða umhverfisvæn og heilsuefli matvæli fyrir komandi kynslóðir. Það þarf áframhaldandi stórátak í íslenskri kornrækt og aukinn afslátt á rafmagni til grænmetisbændu.

Verðmætasköpun í fullvinnslu

Sjálfbærni og verðmætasköpun í landbúnaði byggist líka á því að bændur hafi frelsi og tækifæri til að fullvinna eigin afurðir. Það er lykilatriði til að efla staðbundna framleiðslu, styðja við byggðir og auka verðmæti íslensks landbúnaðar. Til þess að svo megi verða þarf að aðlaga regluverk og þannig að smáframleiðendur og nýsköpun fái að njóta sín. Með einfaldara og sveigjanlegra regluverki er hægt að skapa umhverfi

þar sem íslenskir bændur geta þróað fjölbreyttar vörur sem styrkja bæði afkomu þeirra og íslenskan matvælaíðnað.

Kveikjum ljósin í sveitinni

Norðvesturkjördæmi, eitt stærsta landbúnaðarhérað landsins, er skýrt dæmi um hvernig öflugur landbúnaður getur styrkt byggðir og skapað blómlegt samfélag. En uppkaupt auðmanna og yfirboð í jarðir eru vaxandi á þessum tímum. Það þarf að setja skorður. Við viljum að landbúnaðarland sé notað til matvælaframleiðslu. Við verðum að bregðast við með því að setja lög um ábúðarskyldu til að koma í veg fyrir að fjársterkir aðilar grafi undan framtíð íslensks landbúnaðar og byggða. Ásóknin í jarðir er vegna mögulegrar nýtingu þeirra til einhvers annars en landbúnaðar, eins og orkuöflunar, aðgengis að fersku vatni eða til skógræktar. Yfirboð auðmanna gerir nýliðun í búskap nær ómögulega til langframa. Við verðum að bregðast við til að koma í veg fyrir að ljósin slokkn í sveitum meira en orðið er.

Álfhildur Leifsdóttir
oddviti VG í Norðvesturkjördæmi

Samgöngur eru heilbrigðismál



Allir landsmenn eiga að hafa öruggt aðgengi að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag og búsetu. Góðar samgöngur í okkar dreifbýla landi skipta þar lykilmáli. Margir íbúar Norðvesturkjördæmis þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu um langan veg, yfir heiðar eða undir hættulegum hlíðum, auk þess að búa við takmarkaða vetrarþjónustu sem getur heft för. Fyrsta hjálp getur skipt sköpum. Fyrir fjölskylduvæn samfélög á landsbyggðinni er öruggt aðgengi að heilbrigðisþjónustu ásamt öruggum samgöngum, traustum fjarskiptum og fjölbreyttum atvinnutækifærum grundvallaratriði.

Sérhæfingin og samþjöppun þjónustu í heilbrigðiskerfinu hefur að hluta bitnað á aðgengi heimila í dreifðum byggðum að heilbrigðisþjónustu. Leita þarf leiða til að tryggja þjónustu sérfræðilækna á heilsugæslunni. Samfylkingin leggur til að þetta verði gert í gegnum næstu samninga við sérgreinalækna þar sem lögð verði áhersla á að jafna aðgengi um land allt enda er þjónustan fjármögnuð úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Styrkja þarf fyrsta viðbragð um land allt og stytta viðbragðstíma, m.a. með sjúkra- og björgunarþyrlum. Eitt af því sem myndi skipta sköpum væri að fjölga í þyrluáhöfn Landhelgisgæslunnar og staðsetja eina sérútbúna sjúkra- og björgunarþyrlu utan höfuðborgarsvæðisins.

Tryggja verður öryggi sjúklinga og hann á ekki að greiða flutninginn úr eigin vasa. Þess vegna vill Samfylkingin setja aukin kraft í styrkingu sjúkraflutninga og niðurgreiðslu ferðakostnaðar til að taka á áhrifum af samþjöppun í heilbrigðiskerfinu á undanförunum áratugum

Vinna þarf áfram að hærta menntunarstigi sjúkraflutningafólks, ekki síst í dreifbýli þar sem fyrsta viðbragð skiptir mestu máli. Fyrsta hjálp á staðnum getur bjargað mannlífum.

Samfylkingin vill uppfæra greiðsluþátttöku hins opinbera þegar heilbrigðisþjónusta er sótt um langan veg og taka þarf tekjutap fjölskyldna inn í reikninginn. Breyta þarf reglum þannig að greiðsluþátttökan nái einnig til fyrirbyggjandi meðferða. Við getum ekki látið efnahag eða búsetu fólks verða til þess að það leiti sér ekki lækniþjónustu eða fyrirbyggjandi meðferða.

Heilbrigðiskerfið skiptir okkur öll máli og við verðum að halda áfram að þróa það svo það geti betur þjónað landsmönnum öllum í breyttum samfélagi.

Arnar Lára Jónsdóttir
Oddviti Samfylkingarinnar í
Norðvesturkjördæmi

Sterkari sveitir eru allra hagur



Reglulega kemur upp umræða um jarðir, jarðavíðskipti og kynslóðaskipti í landbúnaði. Í ritinu Ræktum Ísland, skýrslu Björns Bjarnasonar og Hlédísar Sveinsdóttur, er efninu gerð verðug skil. Þá hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins ítrekað flutt frumvörp um ýmsar aðgerðir til að auðvelda ættliðaskipti á bújörðum.

jarðeigendur hafa auðgað og styrkt sveitir, þó hin hliðin þekkest líka.

Þá skal ekki gleymt að ljósleiðarvæðing dreifbýlis og átak í lagningu á 3ja fasa rafmagni, hefur styrkt búsetu og verðmætasköpun í sveitum. Þessi verkefni hefur Sjálfstæðisflokkurinn leitt.

Kynslóðaskipti

Fullveldið er í húfi

Nýliðun í landbúnaði kemur okkur öllum við og íslenska þjóðin, í breyttri heimsmýnd, verður að horfast í augu við að sjálf fullveldið er í húfi, hvernig íslenskum landbúnaði vegnar. Grundvallaratriði er að afkoma bænda verði traust. Ungum bændum þurfa að standa til boða, eins og öðrum landsmönnum, almennar aðgerðir í húsnæðismálum. Má þar nefna stofnframlög og/eða hlutdeildarlán til kaupa á íbúðarhúsnæði. Einnig þarf með markvissum hætti að beita skattkerfinu, svo eldri kynslóð bænda hafi hag af því að verða hluti af lausninni með því að viðurkenna að söluverð búa og jarða er séreignarsparnaður þeirra. Áhuga vantar ekki hjá ungu fólki að hasla sér völl í landbúnaði.

Of lítil umræða hefur verið um skýrslu um jarðir, sem stýrihópur á vegum Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra skilaði 2021. Skýrslan tekur á mikilvægu úrlausnarefni þar sem mikið verk er enn óunnið til að lög, reglur og stjórnsýsla falli að nútímanum og breyttum aðstæðum og viðhorfum til lands og þeirra gæða sem í því felast. Þegar skýrslan er rýnd vekur athygli að virðing fyrir eignarrétti bænda, og viðhorf til jarðavíðskipta eru vanþróuð hér á landi. Í skýrslunni segir:

„Alþjóðleg reynsla befur sýnt að rík ástæða er til að gjalda varhug við mikilli samþjöppun eignarbalds á landi. Land er enda undirstaða fullveldis ríkja og telst það til grundvallargæða bvers samfélags. Íslenskt land er sérstaklega verðmætt enda geymir það víðast hvar gnægð af þjóðfélagslega mikilvægum náttúruauðlindum undir og á yfirborði jarðar, þar á meðal jarðbíta-, vatns og veiðiréttindum. Eru þá ótalin þau miklu samfélagslegu og menningarlegu verðmæti sem felast í náttúru landsins og náttúru- og menningarmínjum ýmiss konar. Viðblitandi aðgangur að landi er einnig forsenda uppbyggingar og nýliðunar í landbúnaði og nauðsynlegur þáttur í viðbaldi og þróun byggðar.“

Mótum nýja löggjöf

Af þessum texta í skýrslunni sést að full þörf er fyrir mun ítarlegra samtali og vinnu við mótun löggjafar um jarðir á Íslandi, fyrir því viljum við standa.

Ekki verður um það deilt að samfélagsbreyting og aukin ásókn í bújarðir hafi ekki verið til að bæta hag bænda. Ótal dæmi eru um að „nýr“

jarðeigendur hafa auðgað og styrkt sveitir, þó hin hliðin þekkest líka. Þá skal ekki gleymt að ljósleiðarvæðing dreifbýlis og átak í lagningu á 3ja fasa rafmagni, hefur styrkt búsetu og verðmætasköpun í sveitum. Þessi verkefni hefur Sjálfstæðisflokkurinn leitt.

Ný tækifæri

Í áður nefndri skýrslu er einnig m.a. umfjöllun um breytingar og meðferð á heimildum til að fara um land bænda. Má þar strax koma auga á löngu tímabæra breytingu á samningum við bændur um línulagnir, sem krefst að þess að farið sé um lönd bænda, þannig að leigutekjur renni til jarðanna/bænda.

Enginn vafi er á að eignarhald bænda sjálfra á bújörðum sínum, tryggir hag þeirra og þjóðfélagsins best. Sjálfstæðisflokkurinn hefur, vill og mun standa áfram að framförum í íslenskum landbúnaði og sveitum.

Björn Bjarki Þorsteinsson
Njáll Trausti Friðbertsson
Vilhjálmur Árnason
Höfundar skipa 2. sæti á framboðslistum Sjálfstæðisflokksins í landsbyggðarkjördæmunum þremur.



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímappantanir í síma 436-1111

Strand-veiðar

Jafnræði í strandveiðum hefur oft verið til umræðu og eðlilega eru skiptar skoðanir um hvernig auknu jafnræði er náð. Ein hugmyndin, sem menn úr greininni hafa kynnt, er að breyta úthlutuninni í daga á bát sem veiða má innan tímabilsins. Magn í hverri veiðiferð verði svipað og er í dag, veiðitími innan sólarhrings áfram 14 klst., svigrúm með umframfla verði aukid öfl.

Hugmyndin um að auka svigrúmið er góð m.a. hvenær strandveiðimenn geti sótt skammtinn. Slíkt svigrúm getur verið til þess fallið að auka öryggi og verðmæti aflans sem landað er.

Það er einnig mikilvægt að stjórn­mál­ma­menn hætti að gefa væntingar um að einfalt sé að færa aflaheimildir frá einum til annars eða einu kerfi í annað.

Þegar strandveiðiðkerfið er sett á laggirnar var hugmyndin að auka líf í byggðum og gefa mönnum færi á að róa og skapa sér tekjur. Ekki var hugmyndin að það kerfi væri sett á einhvern hátt til höfuðs aflamarkserfinu hvað þá að það yrði sett í kvóta.

Stjórn­mál­ma­menn sem lofa frjálsum handfæraveiðum eða að færa heimildir út aflamarksherfinu í strand­veiði­kerfið eru að slá ryki í augu fólks. Frjálssar handfæraveiðar eru afar ólík­legar þótt ekki væri nema vegna þess að sala á sjávarafurðun er í langflest­um tilfellollum bundin því að veiðarnar séu vottaðar sem sjálfbærar en ekki er hægt að sýna fram á slíkt með óheftri sókn í auðlindina. Því yrði útflutningur á afla úr frjálsum handfæraveiðum erfiður, verðið lægra og allir tapa.

Að okkar mati er skynsamlegra að ná aukinni sátt um hvernig við gerum kerfið sanngjarnara, öruggara og auka verðmætasköpun t.d. með útfærslu á dagakerfi. Hins vegar þegar kemur að aukningu í heildarafla er möguleiki á að skipta henni milli kerfa.

Umræða um byggðakvóta er ekki síður flókin en rétt að taka þá umræðu af festu, hvort halda eigi áfram með óbreytt kerfi, einfalda það eða leggja það niður og láta þær heimildir renna til strandveiði­kerfisins. Þetta þarf að ræða af ábyrgð og skynsemi en ekki með upphrópunum.

Gunnar Bragi Sveinsson og
Sigurður Páll Jónsson

Höfundar skipa 2. Og 3. sæti lista
Miðflokksins í Norðvesturkjördæmi í
komandi kosningum.



PEERS námskeið í félagsfærni

fyrir börn, unglinga og ungt fólk ásamt foreldrum og/eða félagsþjálfum

Markmiðið með námskeiðinu er:

Að barn/unglingur/ungmennir læri að eignast vini og halda þeim
Að foreldri/félagsþjálfari læri leiðir til að efla félagslegt sjálfstæði barnsins/
unglingsins/ungmennsins.

Aðalstyrkleiki félagsfærniþjálfunar PEERS er að foreldrar og/eða félagsþjálfar læra hvernig þeir geta haldið áfram að fylgja eftir félagsfærniþjálfun barnanna sinna, unglinga eða unga fólksins eftir að námskeiðinu lýkur.

PEERS er gagnreynt námskeið fyrir 4-6 ára, 10-12 ára, 13-15 ára, 16-18 ára og 19-34 ára. PEERS stendur fyrir Program for the Education and Enrichment of Relational Skills.

PEERS námskeið
í félagsfærni

www.lifsbrunnur.is • www.felagsfaerni.is

Finndu okkur á Facebook

DAGSKRÁIN Á SNÆFELLSNESI LAUGARDAGINN 23. NÓVEMBER

OPNUN
KOSNINGAMIÐSTÖÐVAR
ÓLAFSVÍK
KL. 12:00 - 14:00

📍 REKS

KOSNINGAKAFFI
GRUNDARFIRÐI
KL. 14:30 - 16:30

📍 SÖGUMIÐSTÖÐIN

OPNUN
KOSNINGA-
MIÐSTÖÐVAR
STYKKISHÖLMI
KL. 17:00 - 19:00

📍 FREYJULUNDUR

